

**AUGLÝSING****um hækkun smásöluverðs á raforku  
Orkubús Vestfjarða.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 6% hækkun á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða nr. 340 22. september 1978 frá og með 15. febrúar 1979.

Hitataxtar hækki til samræmis við hækkun oliuverðs.  
Heimtaugagjöld hækki um 25%.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1979.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Jafet S. Ólafsson.*

Nr. 81.

12. febrúar 1979.

**GJALDSKRÁ****Rafmagnsveitu Reykjavíkur.**

**Gildir frá 15. febrúar 1979.**

**1. gr.**

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

**2. gr.**

**Lýsing.**

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

2.1 29.89 kr./kW h.

2.2 127.019 kr/kW a í uppsettu aflri til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

**3. gr.**

**Heimili o. fl.**

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

3.1 22.89 kr/kW h. Lágmarksgjald er 1 145.00 kr. á ársfjórðungi.

**4. gr.**

**Vélar.**

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

4.1. 29.89 kr/kW h.

4.2. 6.38 kr/kW h og 20.243.00 kr/kW a samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.

- 4.3. 44.83 kr/kW h til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

### 5. gr.

#### Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

- 5.1 8.87 kr/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölu-  
gjaldi, og 11.79 kr/kW h til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarks-  
gjalds 117 900.00 kr/a.
- 5.2 5.13 kr/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölu-  
gjaldi, og 6.83 kr/kW h til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt  
þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustund-  
um í hvort skipti.
- 5.3. 2.67 kr/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölu-  
gjaldi, og 3.55 kr/kW h til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt  
þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl 09—21.

### 6. gr.

#### Mælaleiga o. fl.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa .....	kr. 760.00
Orkumælir, þrífasa .....	— 3 060.00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	— 5 160.00
Aflmælir .....	— 4 970.00
Aflmælir með straumspennum .....	— 7 840.00
Tvígjaldsorkumælir .....	— 4 970.00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum .....	— 7 840.00
Móttökuliði, einpóla .....	— 3 440.00
Móttökuliði, þrípóla .....	— 4 970.00

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 3.1.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

### 7. gr.

#### Heimtaugar.

- 7.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitu-  
kerfi Rafmagnveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.
- 7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráða-  
birgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

#### Aðalheimtaugar.

- 7.3 Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A), málraun (kVA)	Stofngjald kr.	Lengdargjald <sup>1)</sup> kr/m
63A 1-fasa	154 800	Innifalið
63A 3-fasa	167 100	—
100A —	198 700	—
200A —	320 200	—
315A —	667 200	—
300kVA —	932 500	Skv. kostnaði
500kVA —	1 556 500	—
800kVA —	2 489 000	—

### Bráðabirgðaheimtaugar.

- 7.4 Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald <sup>1)2)</sup>	
			Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63A	1-fasa	27 500	4 100	51 700
63A	3-fasa	38 600	4 100	60 200
100A	—	41 000	5 300	68 900

A merkir málstraumur stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kilóvoltamper, þegar um sérspennistöð er að ræða.

- 7.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 7.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.
- 7.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

### Ýmis ákvæði.

#### 8. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennit rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

#### 9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka loftlínuheimtaug.

## 10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrar-gjöldum hennar svo og aukningum veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

## 11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé í mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 1 800 kr.

## 12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 3 500 kr.

## 13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 3 500 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

## 14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. gr. er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

## 15. gr.

Sölugjald 20% og verðjöfnunargjald 13%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

## 16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 15. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 272, 9. ágúst 1978.

*Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1979.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Jafet S. Ólafsson.*